

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Skóladagatal grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2022 - 2023

Í janúar 2016 voru fyrsta sinn lögð fram og samþykkt í skóla- og frístundaráði skóladagatöl grunnskóla Reykjavíkur fyrir tvö næstu skólaár, 2016 – 2017 og 2017 - 2018. Var það meðal annars gert vegna óska sem fram höfðu komið frá foreldrum um að þeir fái upplýsingar um skólastarf lengra en eitt ár fram í tímann. Rök þeirra voru einkum á þá leið að slíkt tíðkist í þeim nágrannalöndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Því er nú lagt fram skóladagatal fyrir grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2022 – 2023 til að fylgja því eftir að skóladagatöl fyrir tvö næstu skólaár liggi fyrir.

1. Skólasetning

Gert er ráð fyrir að skólasetning verði í öllum grunnskólum Reykjavíkur *mánudaginn 22. ágúst 2022*.

2. Vetrarfrí á haustönn

Grunnskólar borgarinnar taki vetrarfrí á haustönn eftirtalda daga:

<i>Föstudaginn</i>	<i>21. október 2022</i>
<i>Mánudaginn</i>	<i>24. október 2022</i>
<i>Þriðjudaginn</i>	<i>25. október 2022</i>

3. Vetrarfrí á vorönn

Grunnskólar borgarinnar taki vetrarfrí á vorönn eftirtalda daga:

<i>Fimmtudaginn</i>	<i>23. febrúar 2023</i>
<i>Föstudaginn</i>	<i>24. febrúar 2023</i>

4. Umhverfis dagar

Lagt er til að umhverfis dagar verði 16. september 2022 (Dagur íslenskrar náttúru) og 25. apríl 2023.

5. Skólaslit

Skólaslit í öllum grunnskólum borgarinnar verði *miðvikudaginn 7. júní 2023*.

Jafnframt er lagt til að 10. maí 2023 verði sameiginlegur starfsdagur í öllu skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Kallað verður eftir skóladagatölum með skilafresti eigi síðar en 31. mars 2023.